

**Annar fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja
haldinn föstudaginn 7. sept. kl. 9.00 á skrifstofu Sandgerðisbæjar**

Mætt: Halldór Pálmar Halldórsson, Gunnar Hallgrímsson, Karl Sölvi Guðmundsson, Erla Ósk Pétursdóttir, Sigrún Árnadóttir.

Fundargerð:

1. Fundargerð fyrsta fundar staðfest og undirrituð.
2. Lagðar voru fram staðfestingar á stofnun Þekkingarseturs Suðurnesja og samþykktri stofnskrá.
Lagðar voru fram umsóknir um starf forstöðumanns Þekkingarseturs Suðurnesja. Alls bárust 12 umsóknir. Nöfn umsækjenda eru: Fida Abu Libdeh, Rakef Guðmundsdóttir, Auður Eyberg, Jón Guðmundsson, Hanna María Kristjánsdóttir, Hrafnhildur Ýr Hafsteinsdóttir, Jón Pálsson, Agnar Júlíusson, Einar Brynjarsson, Rannveig Magnúsdóttir, Hywel Lloyd. Ein umsóknanna barst of seint og er því ógild. Stjórnin fór ítarlega yfir umsóknirnar og ákvað að boða 5 umsækjendur í viðtal. Viðtölin fara fram mánudaginn 10. september og munu þrír stjórnarmenn, Karl Sölvi, Erla Ósk og Sigrún sjá um þau.

Ákveðið að boða til stjórnarfundar um leið og niðurstöður viðtala liggja fyrir.
3. Fyrirspurn barst frá Sunnu Viðarsdóttur menntamálaráðuneyti um merki (lógó) setursins til að setja á heimasíðu ráðuneytisins. Samþykkt að fela verðandi forstöðumanni að gera tillögur um merki og leggja fyrir stjórn.
4. Tekið var fyrir erindi frá Jarðvangi á Suðurnesjum þar sem Þekkingarsetrinu er boðið að tilnefna fulltrúa í undirbúningshóp. Ákveðið að taka boðinu og tilnefna forstöðumann Þekkingarsetursins.
5. Önnur mál:
Gunnar vakti athygli stjórnarmanna á skýrslu um Þekkingarsetur og stoðstofnanir sem unnin hefur verið af stjórnarráðinu og ekki er enn orðin opinber. Lýsti hann áhyggjum af þeim hugmyndum sem fram koma í skýrslunni um sameiningu svæðisbundinna stofnana.